



Reykjavík 08.11.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 7. nóvember 2018 varðandi eftirfarandi mál.

### **Þjóðhildarstígur 2-6**


Lögð fram umsókn Steinars Sigurðssonar dags. 8. ágúst 2018 um breytingu á deiliskipulagi Grafarholts svæði 3G vegna lóðarinnar nr. 2-6 við Þjóðhildarstíg. Í breytingunni felst að lóðarmörkum lóðarinnar er breytt þannig að göngustígur sem liggur að hluta inn á lóð liggja allur á borgarlandi, sú minnkun lóðar sem verður við þá færslu er bætt upp með hliðrum suðurmarka lóðarinnar sem því nemur, sunnan núverandi byggingar er heimiluð aðkoma fyrir þjónustu við efri hæð en bílastæði óheimil og felld er úr gildi kvöð um grasþekju á þaki vörumóttöku á suðurhlið, samkvæmt uppdrætti Teikn arkitektþjónustu ehf. dags. 1. ágúst 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. október 2018.

*Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. október 2018 með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur og fulltrúa Samfylkingarinnar Arons Leví Beck og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar.*


*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.*

*Visað til borgarráðs.*


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Örn Sigurðsson

Fylgiskjöl: uppdráttur Teikn arkitektþjónustu ehf. dags. 1. ágúst 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. október 2018.



GILDANDI DEILISKIPULAG SEM TÓK GILDI 09.01.2014  
KVARDI 1:1000



DEILISKIPULAGSBREYTING  
KVARDI 1:500



BREYTING LÓÐARMARKA - SKÝRINGARTEIKNING  
KVARDI 1:250

DEILISKIPULAGSBREYTING

Breyting þessi tekur einungis til Þjóðhildarstígs 2-6

LÓÐARMÖRK

Göngustígur sem liggur suðvestan við lóð Þjóðhildarstígs 2-6 gengur nú að hluta inn á þá lóð. Lóðarmörkum er breytt svo stígurinn liggir allur á borgarlandi. Sú minnkun lóðar sem verður við þá færslu er bætt upp við hliðrun suður marka lóðarinnar sem því nemur. Lóðarstærð verður sú sama fyrir og eftir skipulagsbreytingu. Grjóthleðsla sunnan núverandi byggingar skal halda sér.

ÞJÓNUSTUAÐKOMA


Sunnan núverandi byggingar er heimiluo aðkoma fyrir þjónustu við efri hæð, en bilastæði óheimil.

VÖRUMÓTTAKA

Felld er úr gildi kvöð um grasþekju á þaki vörumóttöku á suðurhlíð.

SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- LÓÐARMÖRK AÐUR
- LÓÐARMÖRK NÝ
- STÆKKUN LÓÐAR
- MINNKUN LÓÐAR
- GRJÓTHLEÐSLA Á LÓÐARMÖRKUM
- GÖNGUSTÍGUR



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030




SRADSETNING BREYTINGAR



MYND TEKIN Í SÖMU ÁTT OG SNEIÐING A-A



MYND TEKIN Í SÖMU ÁTT OG SNEIÐINGAR B-B OG C-C



SNEIÐING A-A SKÝRINGARTEIKNING  
KVARDI 1:250

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20 og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20, með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-dæld stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20.

D - Lóðarmörk leðrétt og fleiri lítilhátar breytingar 07.08.2018  
C - Texti leðréttur 13.12.2013  
B - Texti leðréttur 13.12.2013  
A - Lítilhátar lagfæring 28.09.2013  
Breyting / Dagsetning / Teiknað

**Reykjavíkurborg**

**GRAFARHOLT 3G**  
Þjóðhildarstígur 2-6 - Deiliskipulagsbreyting

Mkv. : 1:250 / 1:500 / 1:1000 / á m.kv.  
Dags: 01.08.2018  
Teiknað:

Unnið af:  
Teikn arkitektabjónusta ehf.  
Skiphólf 25 105 Reykjavík  
Símanúmer: 876 8888

**TEKN**  
Arkitektabjónusta

Dags.: 22.10.18/gej.

**Varðar:** Þjóðhildarstígur 2-6, umsókn um breytingu á deiliskipulagi..

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. október 2018 var lögð fram umsókn Steinars Sigurðssonar dags. 8. ágúst 2018 um breytingu á deiliskipulagi Grafarholts svæði 3G vegna lóðarinnar nr. 2-6 við Þjóðhildarstíg. Í breytingunni felst að lóðarmörkum lóðarinnar er breytt þannig að göngustígur sem liggur að hluta inn á lóð liggja allur á borgarlandi, sú minnkun lóðar sem verður við þá færslu er bætt upp með hliðrum suðurmarka lóðarinnar sem því nemur, sunnan núverandi byggingar er heimiluð aðkoma fyrir þjónustu við efri hæð en bílastæði óheimil og felld er úr gildi kvöð um graspekju á þaki vörumóttöku á suðurhlið, samkvæmt uppdrætti Teikn arkitektþjónustu ehf. dags. 1. ágúst 2018.


#### **Skipulagsleg staða:**

Í gildi er deiliskipulag Grafarholts svæði 3G, samþykkt 11.des. 2013 og birt í b-deild 9.jan. 2014.

#### **Umsögn:**

Breytt lega göngustígs (núverandi lega) á borgarlandi hefur orðið til þess að lítið brot af honum fer inn fyrir lóðamörk lóðar Þjóðhildarstígs 2-6 en frágangur á lóðamörkum, sem er grjóthleðsla og malbik fer út fyrir lóðamörk (sjá mynd). Óskað er eftir breytingu á lóðamörkum vegna þessa auk þess sem óskað er eftir heimild til aðkomu fyrir þjónustu á efri hæð.

Ekki er fallist á að ekið sé að bakhlið hússins eins og fram hefur komið áður sbr. umsögn dags. 06.04.2017. Ganga skal snyrtilega frá baklóð í samræmi við skilmála deiliskipulags s.s. með gróðurpekju á þaki.





Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

**Niðurstaða:**

Lagt er til að erindinu verði synjað sbr. umsögn hér að framan.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík.

Guðlaug Erna Jónsdóttir, arkitekt/verkefnisstjóri.

*Vakin er athygli á Gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1111/2014 vegna kostnaðar við skipulagsvinnu o.fl.*







